

fjarðarkauptúns, og skal honum eingöngu varið til að gjöra umbætur á höfninni og mannvirkjum, sem henni heyra til.

120

5. des.

Hreppsnefnd Eskifjarðarhrepps kys þrjá menn í hafnarnefnd til að hafa umsjón með, að reglugjörð þessari sje hlýtt, innheimta gjöldin til hafnarsjóðs og stjórna honum með umsjón hreppsnefndarinnar. Hreppsnefndin veitir fje úr sjóðnum til umræddra framkvæmda eftir tillögum hafnarnefndar, og ákveður hvernig hann skuli ávaxta, enda ber hún ábyrgð á innstæðu hans eins og öðrum eignum hreppsfjelagsins. Reikningar hafnarsjóðs skulu fylgja sveitarsjóðsreikningunum og endurskoðast og úrskurðast ásamt þeim.

V. Hegningarákvæði o. fl.

Brot á móti reglugjörð þessari varða sektum alt að 400 kr. og fer um mál útaf þeim sem önnur lögreglumál. Sektirnar renna í hafnarsjóð Eskifjarðarkauptúns.

Reglugjörð þessi öðlast gildi 1. janúar 1914, og skal endurskoðuð fyrir 1. janúar 1916.

Í stjórnarráði Íslands, 5. desember 1913.

Í fjarveru ráðherra.

Kl. Jónsson.

Jón Hermannsson.

Reikningur

121

Búnaðarsjóðs Vestur-Ísafjarðarsýslu árið 1912.

Tekjur:

1. Eftirstöðvar frá fyrra ári:

a. Bankavaxtabrjef:

I. flokks B. . . kr. 2500 00

I. flokks C. . . — 100 00

II. flokks B. . . — 1700 00

kr. 4300 00

b. Í sparisjóðsbók nr. 2070 — 868 93

kr. 5168 93

121 2. Vextir:

a. Af bankavaxtabrjefum	kr.	211 50	
b. Af sparisjóðsfje	—	8 50	
			kr. 220 00
3. Grætt á kaupi bankavaxtabrjefa	—		30 00
			Kr. 5418 93

Gjöld:

1. Geymsla bankavaxtabrjefa	kr.	2 00	
2. Verðlaun greidd Reinharði Kristjánssyni á Kaldá	—	133 00	
3. Eftirstöðvar til næsta árs:			
a. Bankavaxtabrjef:			
I. flokks B.	kr.	2500 00	
I. flokks C.	—	100 00	
II. flokks B.	—	2500 00	
			kr. 5100 00
b. Í sparisjóðsbók nr. 2070	—	183 93	
			kr. 5283 93
			Kr. 5418 93

Flateyri, 26. mars 1913.

Böðvar Bjarnason.

Matth. Ólafsson.

Fr. Bjarnason.

Embætti.

22. október skipaði ráðherrann aðstoðarprest að Sauðanesi síra Þórð Oddgeirsson til að vera sóknarprestur í Bjarnanesprestakalli í Austur-Skaftafellsprófastsdæmi frá fardögum 1913 að telja.

Heiðursmerki.

9. f. m. var hjeraðslækni í Faskrúðsfjarðarhjaraði Georg Georgssyni allramildilegaat leyft að bera heiðursmerki sem Officier d'Académie, er stjórn hins frakkneska lýðveldis hefir sæmt hann.